

Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Hafnasambands Íslands

Dags.: 22. október 2013

Sendandi: Valur Rafn Halldórsson

Málsnr.: 1310079HA
Málalykill: 620

Efni: Framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2014

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir framlögum til hafnarframkvæmda upp á um 1.236,5 m.kr. Er það hækkun upp á 497,9 m.kr. að raungildi frá fjárlögum ársins 2013.

Af 1.236,5 m.kr. fer yfir helmingur eða 660 m.kr. í framkvæmdir við Landeyjarhöfn. Um er að ræða framkvæmdir við viðhaldsdýpkun og til þilgerðar, færslu Markarfljóts og einnig minni aðgerðir, s.s. að bæta aðstöðu við farþega.

Einnig er um að ræða tímabundið framlag, til eins árs, til Húsavíkurhafnar upp á 348 m.kr. Er það framlag vegna breytinga og stækkun á Húsavíkurhöfn í tengslum við fyrirhugaða iðnaðarstarfsemi í landi Bakka.

Sundurliðun má sjá hér að neðan:

06-662 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,0
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	212,4
6.72 Landeyjahöfn	660,0
6.73 Húsavíkurhöfn	348,0
6.76 Ferjubryggjur	3,1
Stofnkostnaður samtals	1.223,5
Gjöld samtals	1.236,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.236,5

Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting við Landeyjarhöfn verði 660 m.kr. á árinu 2014 eins og segir hér að framan. Stærsti hluti áætlunarinnar eru 240 m.kr. vegna framkvæmda við viðhaldsdýpkun auk 260 m.kr. til þilgerðar. Þá eru áætlaðar 60 m.kr. til færslu Markarfljóts (50.000 rúmmetra garðar). Aðrar framkvæmdir eru áætlaðar 100 m.kr. og skiptast í 25 m.kr. vegna mælinga og eftirlits vegna viðhaldsdýpkunar, 20 m.kr. vegna bættrar aðstöðu við farþega, 35 m.kr. vegna vegaframkvæmda út að garði og 20 m.kr.

VRH